

Ofan nefnd gjöld getur stjórn vatnsveitufélagsins, sem leggur á skattinn, hækkað eða lækkað árlega um allt að 50%.

Reglugerð þessi, sem Vatnsveitufélag Hellu, Rangárvallasýslu, hefur samið og samþykkt, og gerð er samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 2. júlí 1965.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

5. júlí 1965.

Nr. 157.

AUGLÝSING

um skipulag í Laugardalshreppi í Árnessýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins, hefur ráðuneytið, samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Laugardalshrepps.

Þetta er hér með birti til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 5. júlí 1965.

Emil Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

8. júlí 1965.

Nr. 158.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Ásmundar Jónssonar skálds frá Skúfsstöðum, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 8. júlí 1965.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ásmundar Jónssonar skálds frá Skúfsstöðum.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Ásmundar Jónssonar skálds frá Skúfsstöðum og er stofnaður af ekkju hans, frú Irmu Weile Jónsson í tilefni af 65 ára afmælisdegi hans, hinn 8. júlí 1964.

Stofnfé sjóðsins eru tekjur af viðhafnarútgáfu kvæðisins „Hólar í Hjaltadal“ og nemur kr. 48 400.00 — fjörutíu og átta þúsund og fjögur hundruð krónur —.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja framúrskarandi nemendur, sem útskrifast úr Bændaskólanum á Hólum, til að leita sér frekari þekkingar og mennta, einkum með dvöl erlendis.